

# HEIMIR



IV. árgangur

WINNIPEG, 1908.

8. blað.

## ÁRSREIKNINGURINN

eftir  
Stephan G. Stephansson.

### I.

Eg hef' aðgætt ársreikninginn minn,  
afföll gerð og hagræðin í vonum  
hef' svo líka litið yfir þinn  
lagsi heimur, gert míni stryk í honum!  
Okkur eg á bagga-vægið bendi,  
—banka-töflur eru ei samt við hendi.

Hleyp þó yfir öll á þeirri leið  
óviss gjöld, er skáka besta ráði:  
frost-nóttina er sáð-jörð okkar sveið,  
sólskinið sem aldrei til vor náði.  
Þar eg inn í okkar reikning skrifa  
npp-jöfnuð: að búa kyr og lifa.

Fyrirgefðu! Eg tjónið mitt ei tel,  
talnabrotum öllum lægra og smærra.

Inn í þitt er þörf að skygnast vel,  
 þar á veltur hlutfalls dæmi stærra.  
 Eg vil reyna að sjá hvað er í sjóði,  
 segja hreint hvað muni skuld og gróði.

Mér varð hamla f hárrí reiknings ment  
 heimskan míín og afdráttur þinn bæði,  
 sem í æsku ekkert grátu kent  
 óvita í þinni talnafræði—  
 heimur, umber aðferðina míína!  
 öfugt set eg dálkana við þína.

## II.

Bústofn þinn var úrlausn, útlát huld;  
 alt er skynjun lif og sannleik kenni!  
 Hann er erfð og aldagömöl skuld,  
 eykst því meir' sem grynnir þú á henni—  
 Ársvinnan þín æ og þessu sinni  
 öll var bráða-þörfum tísalt minni.

Þessi fúlga stækkað hefir strax  
 —stapp þótt sé hvort hún á nokkrum þyngi—  
 hafi fjendum mannkyns morðfélags  
 móður eflst á liðnu friðar þingi.  
 Margra alda miðar það að sanna  
 mikla skuld í reikning guðs og manna.

Pó að hafi fáment ljóssins lið  
 leyst úr töfrum biflúr og eddur,  
 þá er eins og espast hafi við  
 asturhald og gamlar skottu-kreddur.  
 Bezta vit sitt spakir heimskað hafa,  
 hundraðfaldast þörfin af að skaða.

Pó menn æski alþjóðlega sitt  
 eigin gagn í bræðralagi að reka,

torveldast að taka fyrir hitt;  
 tvíræð lög sem grunnhygninga fleka,  
 undan steinum orðanna að fiska  
 einkaleyfin, hver á sína diska.

Hafi oss aukist yfirburða vald  
 anda lofts og jarðar hemja að vinna,  
 þrældómsokið — sem kvað syndagjald —  
 sezt ei á oss hlutfallslega minna.  
 Mammon legst nú þungt á þý og herra,  
 þokun slík er fram úr illu í verra.

## III.

Heimur, okkar höfuð eru ei sterk!  
 hvílum oss við þessa talnabálka —  
 það er sarg og sinnuleysis verk  
 samanlagning skektra og langra dálka —  
 Viðrum okkur, sjáum þá hvað setur,  
 sörlumst út þó nú sé kominn vetur.

Er ei þessi greni-hrísla græn  
 gegnum alt sem fryst og snjóað getur?  
 Ættkvísl hennar ólst upp sólskins-hæn  
 áður en jörðin þekti frost og vetur —  
 Þessi breytti, í stopul-viðrum storða,  
 stuttum yl í langan vetrar forða.

Ekkert guðsskjól gætir hennar í  
 grimmviðrum og kófi norðandrifa —  
 Lif sem hepnast hallast sjálfst að því  
 hollvænasta, nær svo til að lifa.  
 Sólarylur bak við svarta börkinn  
 býr í merg þér iðja-græna mörkin.

## VI.

Útiloftið hefir, heimur minn,

hrest oss upp og liðkað hugsun alla—  
tifum létt á ljóta-fótum inn,  
ljúkum af um reikning þinn að fjalla.  
—Það sem á vanst af þér hefir gengið!  
Eign er hnossið séð en ekki fengið!

Hvílisk auðlegð! sjáðu þennan sjóð:  
sundurlynda, níðings fótumtroðna,  
rakna við og þreyfa um, sterka þjóð,  
þrældóms-hlekkinn blóði sínu roðna.  
Gálgahamrar hröktum reistir bændum,  
heimur minn, er gull í mund og vændum.

Líft á safnið sem að vex og grær!  
samandreginn margra alda forða  
þar se ñ okrið allar dygðir flær,  
iðjusemin stritar hungurmorða.  
Þú átt eftir árið þetta góða  
óeyddan og lögum trygðan gróða.

Og hjörðin þessi! óskert er hún enn,  
yfir hana ná ei tölur margar,  
þeir sent verða hvorki menskir menn,  
meinlaus dýr né sæmilegir vargar.  
Lengi þyngir þína gróða-keltu  
þetta fé er komst á slíka veltu.

## V.

Rengdu' ei að sé reikningsfærslan góð,  
réttur hagur skárrí en suma dreymi um—  
einmitt við hjá svona vörðum sjóð'  
sannleikann og æsku vora geymum!  
Eg hef' ekki einu sinni talið  
aukatekjur, margt sem í er falið

Við erum ekki ársins leigðu hjú

útgreidds kaups úr búi húsbændanna!

við erum báðir vinur, ég og þú,

veiðimenn í óbygð hugsjónanna!

Okkur þær í allra veðra vona

viðlagssjóði tryggjum við nú svona.

1907



## Pantheism (Algyðistrú)

*Erindi flutt af Friðriki Sveinssyni á Menningarfélagsfundí  
28. janúar 1908.*

### I.

Það var uppi maður nokkur meðal Forn-Grikkja, á 5. öld f. K., sem hét Democritus, einhver mesti spekingur þeirra tíma. Í einu af þeim fáu ritum sem varðveitst hafa estir hann, ségir hann, að sannleikurinn sé niðri í djúpum brunni og örðugleikarnir miklir að komast að honum.

Þessu er svo varið enn í dag.— Takmörk þekkingarinnar hafa að vísu verið færð út, síðan á dögum Democritusar, en þrátt fyrir alt og alt, eru leyndardómar og ráðgátur tilverunrar enn óráðnar. Við erum að tína nokkrar skeljar í fjörunni, en hið ómælanlega haf sannleikans liggur fyrir framan oss, að litlu leyti kannað.

Ýmsum hinum fornu spekingum Grikkja var orðið það ljóst, að ekki er alt sem sýnist, og að það sé miklum erviðleikum bundið, að komast að áreiðanlegri þekkingu á tilverunni í insta eðli hennar;— og Plato hefir á einum stað líkt mannkyninu við menn, sem dæmdir væru að sitja á bekk, við stórandi vegg sem þeir sníru sér að, og mættu ekki horfa á neitt nema vegginn. Á vegnum sjá þeir allrahanda skugga, af því sem er að gerast á bak við þá. Af þessum skuggamyndum einum verða

þeir að ráða, hvað er að gerast. Ef þeir mættu aðeins líta við sem snöggvast, gætu þeir séð, hvað þetta á bak við þá væri í virkileika. Petta er þeim ekki leyft, og það er svipað ástatt fyrir oss, í þessum heimi. Vér sjáum aðeins allra handa fyrirbrigði, en hvað hlutirnir eru í insta eðli sínu, hefir hvorki heimspekinni né vísindunum enn tekist að komast fyrir með vissu. En tilgáturnar eru margar, og lífsskoðanirnar eru margar. Mannsandinn er óþreytandi við að leita úrlausnar á lífsgátunni; og svo hafa út úr því spunnist hin margvíslegu heimspeki og trúbragða kerfi.

Trúbrögðin hafa myndast fyrst og fremst, af tilhneiging mannsins til að gjöra sér grein fyrir því, sem fram við hann kemur, og hann sér í kring um sig, og leita að orsökum þess. Í öðru lagi eru þau sprottin af löngun hans til að fá þarfir sínar og óskir uppfyltar. Í þriðja lagi eru þau sprottin af draumum, og öðrum dularfullum fyrirbrigðum í sambandi við dauðann og framlíðna (forfeðra dýrkun).

Upphafleg trúbrögð mannkynsins, álita fræðimenn að hafi verið það sem kallað er *Fetichism* eða *Animism*, af henni hafi tekið við fjölgymestrúin og þar næst eingymestrúin.

Öllum þessum trúbrögðum er það sameiginlegt, að trúá á eina ósýnilega veru, sem verkar í gegn um hina sýnilegu náttúru. Hugmyndirnar um það, hvernig þessi vera sé, og á hvern hátt hún komi fram, eru harðla ólíkar hjá þessum þremur trúflokkum.

Fetichism er ríkjandi hjá flestum villimanna flokkum, og í sambandi við hana er galdratrú (*Shamanism*). Pessi „Fetish“ þeirra er venjulega einhver hlutur, steinn, tré, bein eða hárflyksur, og stundum útskorið líkneski, sem villimaðurinn ber á sér eða hengir upp í koða sínum, og sem hann dýrkar á ýmsan hátt, t. d. með því að setja fyrir það mat og drykk. Fyrir góðgerðirnar ælast hann svo til að fá óskir sínar uppfyltar, vörn gegn sjúkdónum, göldrum o.s. frv. Pegar villimanninum finst að „Fetish“ sitt bregðist sér alveg, kastar hann því burt, og reynir að komast yfir annað sem meiri kraftur fylgir. Tilbúningur og mögnun á þessum töfraþingum, er arðsöm atvtnnu-

grein prestastéttarinnar þar sem þessi trúbrögð eru ríkjandi, því prestarnir eru álitnir að hafa talsvert vald yfir öndum þeim sérni taka sér bústað í hlutum þessum. Í sambandi við þessa trú er stundum forfeðradýrkun, þ. e. a. s. dýrkun á sálum framliðinna.

Hugmyndir þessara „Fetish“ dýrkenda um það, hvað sé guðlegt, eru nokkuð í þoku. En vér gerum þeim rangt til ef vér álitum að þeir dýrki þessa stokka eða steina, eða hvað það nú er, í sjálfu sér, heldur er hugmyndin langoftast sú, að andi taki sér bústað í hlutunum, og jafnvel svertingja villimenn eru stundum dálitið hneigðir til heimspekislegra hugleiðinga; t. d. var einn þeirra spurður að því, hvort hann nú virkilega héldi að tré eitt, sem hann dýrkaði og sem hann setti mat fyrir, hvort hann virkilega tryði því, að tréð æti matinn. Hann svaraði þannig: „Tréð er ekki sjálft mitt ‚Fetish‘. Minn átíðnaði er andi og ósýnilegur, en hann hefir tekið sér bústað í trénu. Eg veit að hann getur ekki etið okkar líkamlega mat, en hann notar hinn andlega hluta fæðunnar og skilur eftir hinn líkamlega og sýnilega part hennar.“

Næst í röðinni er *Polytheism* (fjölgýðistrúin), trú á persónulegar, varanlegar og sögulegar guðlegar verur. Grísku guðirnir eru fullkomnasta mynd þessarar trúbragðategundar. Líkamlega og andlega svipar þeim til mannanna, en eru upphafnir yfir mannlegar takmarkanir. Þeir eru óhádir því lögmáli sem mennirnir eru undirorpni, þeir eru hafnir yfir rúm og tíma, þeir eru ekki ólíkamlegir, en geta tekið á sig hvaða gervi sem þeim lízt; þeir eru ekki alstaðar nálægir, en fara sinna ferða á örtrúlega stuttum tíma, án þess að nota þau flutningsfæri sem vér mennirnir erum bundnir við; þeir eru ekki utan takmarka tímans, en eldast samt aldrei - eru síungir; þeir eru ekki almáttugir, en koma miklu í verk, umsvifa minna og skjótara en vér mennirnir.

Hjá öllum þjóðum sem eiga sér sögu, Egyptum, Semitum, Hindúum, Persum, Germönnum og Slöfum, hjá Mexico- og Peru-mönnum, var fjölgýðistrú. Allar bjuggu þær sér til heila verð af guðum. Og í guðaheimi hverrar þjóðar, sjáum vér, sem

í spegli, líf þeirrar þjóðar. Það er eins og heimspekingurinn Feuerbach sagði: „Mennirnir skapa guðina í sinni mynd.“

Í vorri norrænu goðafræði, gildir hið sama. Valhallar og einherja hugmyndin, er spegill af bardagafýsn og hreystidýrkun forfeðra vorra.

„Fetish“ dýrkunin speglar óróleika, hræðslu, óstöðuglyndi og óskir villimannsins. Hugsanir hans eru endasleppar, minningarnar óljósar. Ráð hans er alt á reiki, hann lifir aðeins í nútíðinni. Og guðirnir hans eru eins og hann sjálfur, stundlegir, óstöðugir, hvarflandi, eins og óttinn og óskirnar sem fæddu þá af sér.

Næst kemur eingyðistrúin til sögunnar. Hennar verður vart hjá þeim flokkum mannkynsins, sem lengst eru komnir í menningu.

Öll eingyðistrúbrögð (*Monotheism*), eiga sitt upphaf á sögu-tímabilinu, og eiga rót sína að rekja til einhverrar sögulegrar persónu.

Annað einkenni eingyðistrúarinnar er það, að hún breytir hugmyndinni um hið guðlega, í þá átt, að gera hana andlegri og háleitari. Hjá fjölgýðistrúarmönnum voru goðin með mannlegum skilningavitum og tilfinningum. Eingyðistrúin gjörbreytti þessu, hún sagði: Guð er andi, óliskamlegur, ótakmarkaður. Þessi skoðun algerlega kollvarpar hinni mannlíkingalegu skoðun á guðdómnum og hinni yfirskynjanlegu veröld.

Pegar þessar mannlegu takmarkanir hverfa úr guðshug-myndinni, er guð ekki lengur einstök vera, því einstök vera er vera, sem takmörkuð er af tíma og rúmi. Pegar þessi takmörk hverfa, er veran ekki lengur einstök vera.

Guð er þá orðin *veran — alveran*; þá er hann ekki lengur þjóðarguð, heldur alheimsguð. Öll eingyðistrúbrögð hafa það einkenni að játendur þeirra vinna að trúboði meðal annara þjóða, svo sem, Múhameðstrúar menn og Kristnir. Um þetta gerðu fjölgýðistrúar menn sér ekkert far; að vísu fluttu þeir goð sín með sér landa á milli, en leituðust aldrei við að gera aðrar þjóðir þeim undirgefnar.

Eingyðistrúin var sýnileg framför, sýnilega á hærra stigi en

fjölgýðistrúin. Eftir því sem menningin dafnaði og síðferði-hugsjónir fullkomnuðust, eftir því hnignar mannlíkinga fjölgýðistrúnni. Goðin hætta að geta fullnagt síðfeid istilfningu mannsins.

Samt sem áður virðist því hafa verið svo varið hjá Grikkjum, að hið listfenga, tilfinningaríka og skáldlega eðli þjóðarinnar, hafi fundið mesta nautn og fegurð og mikilleik, í heilli veröld af guðum. Vér getnum nauðast skilið fegurð trúbragða þeirra, nema vér setjum oss inn í hringrivar þessarar óviðjaðanalegu þjóðar. Guðir þeirra lífðu sínu sela nautna lífi, ýmist á himni eða jörðu, einir eða í sambúð með öðrum, alstaðar á ferðinni, létu ekkert afskiftalaust, voru viðkvámir og hluttekningsamir við mennina sem þeir héldu upp á, vernduðu þá, hjálpuðu þeim, elskuðu þá, hegndu þeim og stjórnuðu þeim.

Einstrengingsleg eingyðistrú, með sínum einmanalega, kuldalega einstæðingsskap, mundi hafa vakið svipaða óbeit hjá þeim, og algjört guðleysi.

En þessi heillandi fjölgýðistrú þeirra gat samt ekki staðist árásir mannlegrar rannsóknar og skynsemi.

Grísku heimspekingarnir voru nógum glöggskygnir, að sjá að í náttúrunni réði *cining*, og að alt benti á að tilveran væri *cin* í innsta eðli sínú.

Fjölgýðistrúnni lenti saman við heimspekislegar skoðanir, og hún varð að víkja.

Sú kenning, sem við völdum tók af fjölgýðistrúnni—goðatrúnni—og sem að vissu leiti bætti þann mikla skaða, sem mennirnir urðu fyrir, við það að missa heila veröld af guðum, er kölluð hugspekisleg algýðistrú (*Idealistic Pantheism*), og þessi skoðun er til þessa dags *cin*, ef ekki *aðal* grundvallar skoðun heimspekinnar, meðal vestrænu þjóðanna.

## II.

### Heimspekisspursmálið.

Hvað er eðli virkileikans, eðli tilverunnar í sjálfu sér? Í hverju er það fólgið?

Svarið virðist nokkuð torvelt. Við fyrstu sjón birtist virkileikinn oss ekki í nokkurri, samfeldri heild. Hinum ýmsu vísindagreinar sýna oss, alveg sundurleitann virkileika.

Eðlisfræðin segir oss frá efnislegum virkileika, sem hefir fyrirferð, tekur upp rúm og hreyfist í rúmi; og öll viðleitni þeirrar vísindagreinar gengur í þá átt, að raða öllum viðburðum í ríki náttúrunnar, í reglubundna heild, hreyfingu frumesnanna í rúminu.

En svo kemur sálarfræðin, sem rannsakar og ígrundar meðvitundarlíff mannsins, viðburði því tilheyrandi, sem vér getum hvorki séð, þreifað á eða mælt, né heldur gert oss hugmynd um sem verkanir í rúmi. Hvaða afstaða er milli þessara tveggja virkileika, og hvaða skyldleiki?

Er tilveran í tveinur gagnólkum, sundurleitum pörtum? Eða er hægt að sameina hvortveggja, það andlega og það líkamlega í eitt?

Svörin upp á þessa spurningar hafa verið þrjú aðallega: *Dualism, Materialism og Idealism.*

Dualism segir: Það eru til tvær sundurleitar tegundir af virkileika (*Reality*): líkamlegt og andlegt, það sem tekur upp rúm, hefir fyrirferð, og það sem hugsar.

Þetta svar hefir víst viðast hvar þótt aðgengilegast og skiljanlegast fyrir hversdagslega mannlega skynsemi.

En heimspekingarnir hafa æfinlega haft tilhneiting til að vefsengja Dualism, og halda fram *Monism* (eindarkenningunni). Þeim hefir fundist svo margt benda til þess, að tilveran væri ein heild, að hin skoðunin gæti ekki staðist. Stefnan líka einlægt sú, að gjöra virkileikann sem einfaldastann, þýða margvíslega viðburði með einföldu grundvallarlögþáli.

Tveir vegir eru til að koma þessari eining á. Annar er sá, að þýða alt hið andlega líf mannsins með líkamlegu efni, og segja: Líkamlegt efni, og hreyfing, það er virkileikinn. Meðvitundarlíff mannsins er bara einn þáttur í tilveru hans, sem myndast af efnislegum breytingum, sem í eðli sínu eru líkamlegar eða efnislegar.

Þetta er Materialism (efnishyggja).

Ellegar vér getumr útlistað efnislega viðburði með meðvit-undar ásigkomulagi, og sagt: Hið andlega líf og meðvitund, og verkanir þess, er það virkilega, en hinn efnislegi heimur er bara fyrirbrigðismynd af hinum sama virkileika.

Petta er Idealism (hugspeki).

Svo er nokkurskonar óvissu *Monism* til (H. SPENCER'S) sem segir sem svo: Oss virðist ómögulegt að þekkja virkileikann nokkuð til hlítar. Þessar tvær myndir sem hann birtist oss í, hin andlega og hin líkamlega, er það eina, og fyrsta, sem vér getum byggt skoðanir vorar á um það efni. En vér göngum hinsvegar út frá því, að það andlega og það líkamlega í tilverunni, sé hvert um sig opinberun, eða birting, eða framleiðsla eins grundvallar veruleika, sem vér ekki fáum gripið.

Svo kemur nú guðfræðislega spurningin eða alheimseðlis spurningin:

„Hvaða hugmynd á eg að gera mér um skyldleika allra hluta? Í hvaða mynd er tilveran öll sem heild?“

Svörin upp á þessar spurningar eru þrjú: *Atomism*, *Theism* og *Pantheism*.

Fljótt á að líta, virðast vera fjölmargir sérstæðir hlutir í tilverunni. Að vísu eru þeir að ýmsu leyti skyldir, en hver virðist hafa sína óháðu tilveru. Þessari hugsun er framfylgt út í æsar í Atomisku theoriunni.

Virkileikinn er samansafn af mörgum óháðum, sjálfstæðum • og óforgengilegum frumefnum (*Atoms*), sem ekki hafa verið framleidd af nokru öðru. Við samblöndun þeirra myndast hlutirnir.

Þessi skoðun er ekki æfinlega nauðsynlega materialistic (efnisleg), t. d. *Monadology* Leibniz.

En heimspekin hefir samt, þrátt fyrir fjölbreytnina á yfirborði tilverunnar, leitað að einingunni. Henni hefir virzt heimurinn, þrátt fyrir alt, vera í svo miklu samræmi, að henni hefir fundist óhugsanlegt, að hann hafi myndast fyrir tilviljana samrénnslí sundurleitra frumagna.

Þessi moniska kenning heimspekkinnar, er tvennskonar: Önnur er sú, að samræmi og eining veraldarinnar sé afleiðing

af því að til sé eitt skapandi uppbyggjandi „intelligence“, sem vinnur í vissum ákveðnum tilgangi.

Þetta er Theism (guðstrú). Hin eingyðisskoðunin leitast við að finna enn fullkomnari eining allrar tilverunnar, og segir: Virkileikinn er ein óslitin, samstæð heild; fleirtala er aðeins reglubundin niðurröðun og tilhögun einingarinnar. Þessi skoðun er Pantheism (Algýðistrú).

Heimspekin hefir nálgast þessa niðurstöðu frá tveim hliðum. — Hugmyndin um guð leiðir guðfræðislegar ígrundanir að henni: ef guð skapaði alla hluti úr engu, eins og eingyðis trúin kennir (kristna), þá er hann hin eina tilvera og allir hlutir eru til fyrir hann og í honum. Ekkert getur verið til sem er óháð honum, utan við hann eða andstætt honum.

Á hina hliðina benda náttúru vísindin á það, að alt efnir sé í innsta eðli sínu eitt. Ef öll efnir eru skyld, tilsvaranleg og samverkandi, leiðir það að þessari niðurstöðu að veröldin sé eining; að öll breyting sé háð einu grundvallar eðli og að alt bendi á *eining* alverunnar.

### III. SPINOZA.

Það ætti naumast við, að tala um Pantheism án þess að minnast nokkuð á Benedict Spinoza, þann mann sem hefir öðrum mönnum fremur, fært rök fyrir þessari skoðun og gjöt útlistun hennar að lífstarfi sínu, og sem um þessi efni hefir ritað af meiri skáldlegri andagift og skarpskyggni og list heldur en ef til vill nokkur annar maður.

Benedict Spinoza var fæddur í Amsterdam 24. Nón. 1632, og var af spönskum Gyðingaættum. Hann fékk svipað uppledji og svipaða kennslu og tilkaðist meðal Gyðinganna er þar voru búsettir. Hann var námfús og var kend trúfræði og sagnfræði Gyðinga eins og kemur fyrir í *Biflunni* og *Talmud'* bókunum, og einnig kyntist hann gyðinglegri heimspeki þeirrar aldar sem hann var uppi á.

Hann var ekki ánægður með að láta hér staðar nem: a, heldur hélt hann áfram náminu, lærdi latínu, sem þá var lykill að

öllum fræðum þeirra tíma; síðan lagði hann fyrir sig náttúrvísindi og afleiðingin af því varð sú, að hann aðbyltist hina vísindalegu náttúruskoðun, og sem ekki var til í Gamla-Testamentinu og sem telja má ógyðinglegar skoðanir, því hugmyndir og skoðanir um náttúruna eru að allegra kennafrá Grikkjum.

Aftur á móti var guðshugmyndin um einn, ellísfann, óbreytanlegann guð, afar rík hjá Gyðinga þjóðinni, og Spinoza að líkendum hefir tekið hana í arf.

Það sem hann setti sér fyrir markmið, var það, að sameina þannig guðstrúna og vísindalega náttúruskoðun, og gjöra þannig grein fyrir þeirri sameiningu að eiginleikar og einkunnir hvortveggja væru óskertir.

Ritverk hans bera vott um það, að hann hefir verið aðar viðlesinn maður, og heimspekis kennirg hans á sér rætur langt aftur í sögu mannlegra hugsana, enda fór svo fyrir honum sem svo mörgum öðrum, að því meir sem hann fræddist og ígrundadi því meiri efi vaknaði hjá honum á sannleiksgildi Gyðingatrútrinnar og gyðinglegu heimspekinnar og Gyðinga ritninganna. Hann fjarlægdist skoðanir þeirra æ meir og meir þrátt fyrir tilraunir prestanna að halda í jafn efnilegarn unglings. Þeir lúču honum vel launaða stöðu í sambandi við muisterið, en hann þverneitaði að ganga á bug við sannfæringu sína. Ekki hafði það heldur nokkur áhrif á hann að fanatiskur Gyðingur einn sýndi honum banatilræði í tilefni af vantrú hans.

Loks kom kollhríðin 1656, þá var honun háttvlega útskúf að úr Gyðingasöfnuðinum, og varð þá líka að hrekjast úr borginni.

Hann hafði lært í ungðæmi sínu að fægja glerskífur í gleraugu og önnur sjónauka fær, og kom það honum nú að haldi, svo hann gat haft ofan af fyrir sér með þeirri atvinnu. Hann átti nokkra góða vini sem aðstoðuðu hann í þá átt að útvæga honum atvinnu. Hann hafði engar mætur á ofstæki gyðingdómsins, og minni mætur á ofstæki mótmælenda og kaþólskra þeirra tíma. Hann vildi umfram alt trið og næði til að koma þeim hugsunum í reglubundna mynd, sem altaf fjölguðu nú í huga hans, á þessu tímabili. Milli þess sem hann fægði

glerskífurnar ritaði hann smárit nokkuð: „Tractatus de Deo et Homo.“ 1661 flutti hann til Rhynsburg, nálægt Leyden, og dvaldi þar í tvö ár, og ritaði þar „De Intellectus emendatione“. 1663 flutti hann til Voorburgh, sem er þorp lítið nálægt Amsterdam, þar bjó hann þangð til 1670 að hann flutti til Haag og hafðist þar við, þar til hann dó (úr tæringu) 1677. Á þessu tímabili ávann hann sér ágæta vini, og marga óvini líka. 1670 gaf hann út nafnlaust rit: Tractatus Theologico Politicus“. Þessu riti var afar illa tekið og sett á forboðsskrá kaþólsku kyrkjunnar, og einnig gert upptækt af stjórninni.

Árið 1673 var honum samt boðin staða í Heidelberg sem kennari í heimspeki, en hann neitaði og gaf þær ástæður, að hann efaðist um, að hann hefði nægilegt skoðanafrelsi í þeirri stöðu, eftir því umburðarlyndi að dæma, sem hann hafði kynni af, eða réttara sagt umburðarlyndisleysi.

Hann lifði það sem eftir var æfinaðar óbrotnu, kyrlátu og síðavöndu lífi,— var ókvæntur alla æfi,— en var svo ljúfur og dagfarsgóður, að fólkis, sem hann hélt til hjá, næstum því tilbað hann. Hann var ætíð heilsutæpur, og þjáðist af tæringu nokkur ár, og varð hún banamein hans. Hann dó rólegum dauðdaga í febrúar 1677. Líf hans var afkastamikið, hlutskifti hans var erviðleikum og ofsóknum háð, og einmana var hann í lífinu, og eftir dauða hans urðu skoðanir hans sömu örlögum háðar. En vörnin fyrir ritum hans hefir líka verið hárbeittekkí síður en árásirnar. Öldina næstu var hann miklu meira skammaður og forsmáður en lesinn, og hugmyndir hans og kenningar nutu sín ekki og skildust ekki, en þegar heimspekin dafnaði á ný, og þegar hún fór að kafa dýpra, var Spinoza settur í tignarsætið, og kenningakerfi hans varð uppáhald, og vakti aðdáun og lotningu skálda eins og Göthe, Lessing og Schiller. (Mörg kvæði Göthes eru þrunin af algýðistrú). Einnig hefir Spinoza verið uppáhald mestu heimspekinga Pýzkalands, og jafnvel guðfræðingarnir komust loks að raun um, að þeir gátu borið lotningu fyrir hinu fagra lífi hans, og lært af kenningum hans, þrátt fyrir það að fyrirrennarar þeirra fundu ekkert nema

guðleysi hjá honum. Aðalrit hans er *Ethico Ordine Geometri-co Demonstratio*.

#### KENNING SPINOZA.

1. Virkileikinn (Reality) er eining, — hinir sérstöku hlutir og einstaklingar eru aldrei óháðir eða útaf fyrir sig. Þeirra tilvera grundvallast á heildareiningunni. Virkileikinn eða verundin er eitt „*substance*“, en hlutirnir eru tilhögur—tilhögur eða breytileiki þess.

2. Eiginleikar verundar heildarinnar birtast oss að svo miklu leyti sem vér verðum þeirra varir, á tvennan hátt, í náttúrunni og í sögunni. *Heildin* (substance) verkar og verður oss hugljós í gegnum two eiginleika— fyrirferð (extension) og meðvitund. Eftir mikla umhugsun og rökliðslur, kemst Spinoza að þeirri niðurstöðu, að meðvitundin, hinn andlegi heimur, sé hin virkilega verund, en að hinn efnislegi heimur, líkamlegi heimur, sé verkun hennar eða fyrirbrigði, sem svo hafi áhrif á skilningarvit vor.

3. Hinir almennu skyldleika, samvinnu og gagnverkandi (reciprocal) eiginleikar í hinum líkamlega heimi sé útvortis birting eða fyrirbrigði hins innra síverkandi alheims krafts, sem alt af framleiðir eiginleika sína í samræmis tilhögnum og breytingum.

Hefir þessi algyðisskoðun eða trú við nokkurn virkileika að styðjast?

Pessu svarar Friedrich Paulsen,— einn af frægustu heimspekis kennurum, sem nú eru uppi. Hann er prófessor í Berlínar háskólanum á Þýzkalandi— á þessa leið í sínu *Introduction to Philosophy*:

„Eg get ekki undirgengist, eftir að hafa sagt það sem á undan er gengið, að rökstyðja þessa skoðun þannig, að hún fullnægi skilningi manna. Það eina, sem eg get gert, er að reyna að sýna fram á það, að hver sem með athygli og einlægni leitast við að komast að þýðingu hlutanna og á óháðann hátt rannsakar veruleikann, mun að lokum aðhyllast þessa skoðun.“

Þeir, sem aðhyllast raunspekinu t. d. Herbert Spencer, fara varlegar í sakirnar, en í svipaða átt, t. d. endar hann þann-

ig skýringarnar á vexti og viðgangi trúbragðakerfa og klestéttar í bók sinni „Sociologi“ (Mannfélagsfræði). Fyrst sýnir hann fram á, að hin ví sindalega rannsókn nútíðarinnar á virki leikanum í náttúrunni bindi alls ekki enda á hinum trúbragðalegu hugsjónir.

„Innan um leyndardóman, sem verða því dularfyllri því meir sem um þá er hugsað, mun eftir verða sú algerða vissa, að maður er altaf í nálægð óendenlegs og eilifs kraftar, sem allir hlutir eru hádir. *Hvað er þessi kraftur?* Niðurstaðan virðist vera sú, eftir allar hugleiðingarnar um þessi efni; sem menn hafa æ haldið áfram nieð frá bernsku mannkynsins. Útkoman virðist vera: Pessi kraftur, sem birtist oss í gegn um hina sýnilegu tilveru, er hinn sami kraftur, sem streymir í oss sjálfum í þeirri mynd sem vér köllum meðvitund, og þegar vér við rannsókn náttúrunnar konumst að því, að öll líkanileg efni, hve kyrlát sem þau sýnast vera, eru afarviðkvæm fyrir margvíslegum áhrifum, og þegar litsjáin (spectroscope) sannar oss það, að allar efniseindir (molecules) jarðarinnar hreyfast í samræmi við efniseindir í fjarlægum stjörnum, og þegar skýrist æ betur og ljósar fyrir oss, að hver einasti depill, hvert einasta svið í hinum takmarkalausa rúmi svellur óendenlega af sveiflum (vibrations), sem þjóta í allar áttir,— þá verður hugmynd vor um alheiminn síður en svo þannig, að vér hugsum oss hann sem dautt efni, heldur miklu fremur sem alheim —universe— alstaðar lifandi, ef ekki í takmörkuðum skilningi, þá að minnsta kosti í almennum skilningi.“

## IV.

**Mótþárvur gegn algýðistrú.**

Orthodoxian hefir ekki látið þessa skoðun óáreitta, og fundið henni margt til foráttu; t. d. það, að ef guð er alt i öllu þá sé hann ekki aðgreinanlegur frá okkur sjálfum; hann er þá altaf jafn nálægur, en þannig nálægð sé ekki fullnægjandi fyrir mannshjartað, heldur heimti það nálægð eins anda hjá öðrum anda, að við óttumst hann sem veru er vér getum reitt til reiði og beðið til hans sem veru, er heyri og geti bænheyrt oss.

Því ópersónulegri sem guð er gerður því síður getum vér elskat eða treyst honum. Dýrkun á þannig veru væri ómögu-leg, í staðinn kæmi bara köld undirgefni undir mátt sem vér hljótum að lúta. Og svo hitt, að með því að segja að guð sé alt í öllu, bendli algymistrúin alt hið illa, syndugt mannkyn og yfir höfuð að tala alla þá hluti og athafnir sem vér köllum illar, við guð. Þetta segja rétt-trúadir guðfræðingar sé guðlast, að ekki sé gerður greinarmunur á alfullkomnum, algóðum guði og syndugu og spiltu mannkyni.

Og þessi algymis guð sé svo stór og yfirgripsmikill, að enginn mögulegleiki' sé á persónulegu sambandi milli guðs og mannsins, sem sé svo ómissandi mannlegri andaktar tilfinning, sem heimti guð, sem finnur til með þeim og aumkast yfir þá í mótlætinu, og huggar og hjálpar þeim þegar neyðin eða sorgin yfirbugar þá. Aðeins sá guð sem stendur ofar náttúrunni, og er stjórnari alheimsins, getur fullnægt þessum kröfum. Hvaða bænheyrslu er svo sein að vænta hjá „substance“ því, eða alveru, sem Spinoza talar um, eða hvaða kraftaverk getur hún gert?

Pessu svara Pantheistar þannig: Viðvíkjandi bænheyrsunni gefa þeir það estir, að ekki sé mikils að vænta hvað hana snertir, og benda á um leið að samfara vaxandi menning og andlegum þroska fari trúin á bænina þverrandi. Að vísu sé trúin á bænir, og ýmsar töfrapulur sem ýmiskonar kyngikraftur fylgi- æfagömul, en því meir sem þetta sé rannsakað með heilbrigðri skynsemi, því betur komi það í ljós að þetta sé að mestu leyti hégómi, enda þótt bænin geti að vísu haft áhrif á þann sem hana flytur.

Viðvíkjandi tilfinningar leysi guðs Pantheistanna segja þeir: að vísu verkar hann ekki á þann hátt, að hann verndi menn fyrir reiðarslaginu eða frá öðrum slysum og hættum, en eins og Spinoza t. d. tekur frām, virðist ekki ástæða til að hugsa að sá sem tilbjó eyrað og augað hafi ekki heyrn og sjón, og sá sem er uppsprettu mannsins göfugustu tilfinninga hafi ekki tilfinning, eða eithvað tilsvarandi, en á óendantlega hærra stigi. Að hvað sem finnst í einstaklings verum hljóti einnig að finnast í hinu ótakmarkaða, sem hið takmarkaða er sprottið af.

Viðvíkjandi hinu illa í tilverunni, segja pantheistar að þeir haldi því ekki fram, að alt sem til er eða skeður, sé fullkomið og guðlegt, né heldur því, að oss beri að sýna því öllu lotning, en út frá hinu er gengið að ekkert í tilverunni sé alveg fráskilið guði, en eðli guðs er ávalt *transcendant* (ríkjandi) eins og Goethe kenist að orði. Alt hið takmarkaða og tímanlega er aðeins tákn, en vér skiljum þau ekki öll. Þess vegna ættum vér aðeins að tileinka oss þau sem vér skiljum og sjá í þeim guðlega opinberun, hitt látum vér afskiftalaust.

Spinoza getur þess líka til, að í þeim sökum sé ekki treystandi á áreiðanleika þess siðferðis-mælikvæða sem mennirnir viðhafi. Dómar vorir í þeim eftum séu ekki áreiðanlegir.— Evolutionary Pantheism heldur því fram, að fullkomnunin sé takmarkið, ekki byrjunin, eða vegurinn að takmarkinu.

Sumum hefir fundist að hin orthodoxa guðstrú (theism) standi betur að vígi gagnvart hinu illa heldur en algýðistrúin, vegna þess að algýðistrúin hljóti að halda því fram, að hið illa hljóti einnig að eiga rót sína að rekja til alverunnar; þess vegna sé afstaða og skyldleiki guðs, gagnvart hinu illa og góða, ærið grunsamleg. Aftur á móti skilji theism, hin orthodoxa guðstrú, á milli guðs og hins illa, svo hann er laus við þá ófullkomleika og galla sem fylgja þessari tilveru sem vér höfum kynni af.

Þetta er nú alt blessað og gott, en orthodoxa guðstrúin getur ekki gjört þetta nema með einu móti; með tvíveldiskenniugunni, skifta tilverunni í tvö ríki, ilt og gott, sem staðið hafi frá upphafi vega,— þá getum vér slengt allri ábyrgð af því illa á djöfulinn, eða hvað hann nú heitir, eða líkamlegt efni, en fært hinum til inntekta alt göfugt og gott.

En hin kristna orthodoxía er ekki gefin fyrir að fara þessa leið, þess vegna stendur hún ekkert betur að vígi gagnart spursmálinu um hið illa, heldur en Algýðistrúin.

Ef guð í upphafi skapaði heiminn úr engu, þá ber hann ábyrgð á öllu, bæði illu og góðu, og allar tilraunir að losa hann við þá ábyrgð eru gagnslausar. Þær tilraunir hafa aldrei og geta aldrei fullnægt mannlegu viti, hvort heldur vér leitum að

upptökum hins illa í frívilja mannsins, eða hjá föllnum engli, þá fer heilbrigð skynsemi æfinlega feti lengra og spyr: Hvað var orsök hinnar fyrstu orsakar? Og ef orsök er til fyrir tilveru mannsins eða engilsins, þá hlýtur sú orsök að ráða eðli hans.

Samkvæmt algýðistrúnni er veröndin, *heildin*, fullkomin, en oss mönnunum hættir við að vera óbilgjörnum í dóum vorum um það hvað sé ilt og hvað sé gott. Dómar vorir eru ekki áreiðanlegir í þeim efnum vegna vorrar takmörkuðu þekkingar (SPINOZA). *Evolutionary Pantheism* hyggur að hið svokallaða illa, sé í rauninni gæði í dulargervi. Erviðleikar, tálmanir og mótlæti sé nauðsynleg skilyrði fyrir þroska vorum. Hvað svo sem að þessum skoðunum má finna, virðast þær að minsta kosti óþvingaðri en kenning orthodoxunnar um hið illa í þessum heimi sem vér byggjum, og sem John Stuart Mill bendir á í einu af ritum sínum, að sé, samkvæmt orthodoxu kenningu, miklu fremur herfang Kölska en ríki Drottins.

## Myrkrúnir.

*Ristar í skammdegis skapi.*

Syrtir of sumri;  
sólú njólu  
hjúpa hreggslæður  
hylur dylur.  
—Dapur er dagur;—  
drunginn þungi  
höfgar mér hjarta  
huga bugar.

Hulinн er himinn  
háum gráum  
skuggbólstrum skýja.  
Skellur fellur

frostdögg á foldu.  
Fönnum hrönum  
Hlódyn, Hræsvelgur  
hleður, reður.

Blómin þar björtu  
blunda undir;  
fífillinn fagri,  
fjóla, sóley,  
lambagras, lilja  
ljós, og rósin.—  
Vonblóm vors gista  
valinn, kalin.

Vaða að vígum  
vargar argir,  
yfir Unaðsströnd  
æfi—gæfu.—

Myrkvaður muni  
mætan grætur,  
sólardag sélann  
svifinn yfir.

Öskrar við eyra  
errinn snerrinn,  
gustur frá grímu  
grimmur dimmur.  
Lýstur á ljóra  
ljótum nótum  
kyngis kveinstafa  
kvala sala.

Burtu er blærinn  
blíði þýði,  
horfin heiðló frá  
hlíðum fríðum.—

Situr svanur nú  
sárr á báru,  
tínr og telur  
tárin ára.

Svo er saga vor  
svanna, manna,  
nöpur sem nágrott  
nætur—glætu,  
litin við ljósbrot  
langrar strangar  
vonleysis vöku  
valds í haldi.

Svefnrungi sjúkann  
sefa vefur.—  
Fölskvi felur eld  
—fækka lækka  
myndsjónir morguns  
mærar, kærar.—  
Kveldið til kyrðar  
kallar alla.

GRETTIR



## Almenn velferð.

Eftir Dr. EDW. E. HALE

Er ekki tími tilkominn, að landstjórnin sjálf gefi út skýrslur við og við um, hvað hún er að gjöra? Eg skyldi sjálfur taka því feginsamlega ef þeir í Washington vildi gefa út á hverjum degi þesskonar yfirlit, svipað því sem á Frakklandi er nefnt landsmálafréttir í blaðinu Moniteur. Eg hefi áður látið þessa

skoðun í ljósi og minnist á það enn, vegna þess eg hefi nú með höndum Árstíðaskrár allra stjórnardeildanna hér. Enginn sær svo lesið þessar skýrslur né umgengist þessa mienn dag frá degi, að ekki finni hann til óánægju yfir því, að minsta kosti 78 allra landsbúa fá enga vitneskju, vita alls ekkerit um, hvað aðal stjórnin er, né hvað hún hefst að. Dagblöðin eru of önnum kafin við að safna í fréttadálkana, slysförum, sjálfsmoiðum, manndrápnem, ránum og fleiru þessháttar.

Eg veit mjög vel, að það er góð og gild kurteysi, að segja að ekkert sé eins strembið og þurt, eins og skýrslur og skjöl þess opinbera. Eg veit mikil vel að þar er ekkert er hver 18 ára gamall ritstjóri vill ekki heldur lesa en landhagsskýrslur þjóðarinnar. Þar af kemur líka, að stjórnartíðindin, er saman eru af hundruðum og þúsundum fjölfraðra og réttsýnna manna, fara algjörlega framhjá almenningi, blöðunum, svo ekki er á þau minst. Þau lesa sérfræðingar einir,— sérvitringar, segja menn,—en ekki milljónir fólksins, er ættu þó að vita um, hvað þær þúsundir manna, sem eru í þjónustu þjóðarinnar, hafa gert, lært og í letur fært. Í ótal mörgum tilfellum hafa þessir menn þó greitt fyrir lífsframfærslu heimsins, og heimurinn veit alls ekki hverjum hann er skyldur fyrir það.

Einn gamall konningi minn, er gagnkunnugur er persaldinaraðt, sagði mér að leiðangur, er gjörður var út til Norður-Kína af akuryrkjumáladeildinni nú fyrir 12 árum síðan hafi borið margra milljón dollara arð fyrir þjóðina með aldingarða umbótum, er síðan hafa verið gjörðar. Er það einn af hundraði, er veit, að persaldina uppskera þessa lands hefir margfaldast árlega fyrir þetta atvik?

Fyrir þann, sem er svo lánsamur, að eiga heima í Washington, eins og eg, nokkurn tíma á hverju ári, er það sannarlegt hrygðarefni að vita til þess, að allur þorri manna á meðal þjóðarinnar veit alls ekkert, hvað stjórn þýðir, hvað hún gjörir né til hvers hún er. Afgömul húsgangssögn gekk manna á meðal nú fyrir hundrað árum síðan, og var sett á gang af mislukkuðum ríkisstjóra, er minstur stjórnvitringur hefir verið allra þeirra er eg heft haft nokkur kynni af. Tómás Jefferson kendi

svo feðrum vorum það, að sú væri bezt stjórnin er minst stjórnadí. Það er í Evrópu kölluð stjórn valdsynjenda. Það þýðir þetta; að ef íbúar einhvers þorps geta svo jaðnað sakir sínar að bærinn njóti friðar svo þeir geti plægt og sáð akra sína, þurfi bærinn ekki að hafa afskifti af nokkru öðru þorpi. Það þýðir að engin þjóð skuli vera til. Það þarf engin samvinna að vera bæ við bæ, það þarf ekkert samband að vera til verndunar eða almennrar velferðar, frekar en milli tveggja díufna-hófpa.

Aftur á móti kenningin, sem líf og tilvera hins sameinaða mannfélags hvílir á, segir að allir menn eigi að vera sem einn og hver að bera hins byrði. Og tökum þar sem dæmi, vér skulum segja að einhver maður uppgötvaði þá hveititegund, er bætt gæti úr þörf og búskapar vandræðum, hundrað milljón manna er ekkert vissi um það, *einhver, einhverstaðar, í einhvers umbodi*, ætti þá að greiða veginn fyrir því að þessar 100,000,000, fengi að vita hvað þessi maður hefir uppgötvað.

En menn eru nú svo langt á veg komnir að þeir hafa á sæmilega vísu skipað opinber embætti er til sögn eiga að hafa fyrir almennri velfarnan þjóðarinnar. Í því efni hefir þjóðinni skilað mikil áfram í þau 130 ár er hún hefir verið sjálfstæð þjóð. Það var á fyrra stjórnartímabili Washington's að Timoteus Pickering, er var póstmálaráðgjafi, skrifandi Alex Hamilton er var fjármálaráðgjafi, og spurði hann hvort hann héldi að hann mætti ráða svertingja inn til þess að sópa gólfis í pósthúsini upp á hálfþ kaup, en sjálfur borgaði hann honum hinn helminginn fyrir að sópa gangstéttirnar hjá sér. Hamilton sagði honum væri það heimilt, og með þessari fjárveitingu, hálfu kaupi til svertingjans, byrjuðu fjárveitingar til póstmáladeilda arinnar.

Aldar fjórðungi síðar, var stungið upp á að leggja þjóðbraut frá ströndinni vestur til Ohio. Uppástunga sú mætti mikilli mótspryrnu í mörg ár, frá þeim sem nefndu sig þjóðveldisflokk. Síðan hefir þjóðin orðið þess víss að hún getur lagt járnbrautir alla leið vestur til kyrrahafs, og ef þörf krefur, grafið margra mílna skipaskurði og samtengt bæði höfin. Það auk

heldur orðið alt of seint að láta sem vér getum ekki lagt braut í kring um hnöttinn ef vér vildum.

Eg hefi við hendi, er eg skrifa þetta, skýrslu Dr. Merriams frá 13. Jan. um friðun dýra, um skemdir villidýra fram og aftur um landið, um veiki húsdýra og hjarda, um skógrækt, um heilbrigði ýmissa staða á landinu, um innflutning og ræktun ýmissa dýra og fugla, auk fleira. Mér þykja þetta íróðlegar skýrslur. Eg get beðið um þær og látið senda mér þær, það getur hver borgari landsins líka. Munurinn er aðeins sá, að eg er þar á staðnum, þekki nokkra mennina, er vinna við að semja þær, veit þess vegna, að rit þessi eru til. Og nú í ár eru yfir þúsund manns að semja yfirlit yfir uppgötvunarir, viðburði og framfarir ársins sem leið.

Innanríkismálaskrifstofan gefur út á hverjum degi dálítið yfirlit yfir skýrslur konsúla vorra um allan heim, með þeim bændingum, er þeir halda að koma megi að gagni fyrir þjóðina.

Hver hin stjórnardeildin gefur út samskonar upplýsingar, hver í sinni deild. En samt, eins og menn vita, berst það ekki til eyrna almennungi. Það eru ekki 20 alþýðuskólar í landinu, er fá eitt einasta eintak af þessum skýrslum. Ekki nokkur bókaverslun hefir þau til sölu. Aftur á móti fær maður alstaðar ókeypis þær skynsamlegu fortölur, að allar embættisskýrslur og stjórnartíðindi séu svo þur og strembin, að þau sé ekki lesandi, og að það væri betur að til engra þeirra væri kostað að prenta.

Að svo miklu leyti sem eg fæ séð þá skoðun, er almennust er ríkjandi viðvíkjandi stjórn, er fólk sagt, að á einhvern óskiljanlegan hátt hafi 300 heimskingjar verið valdir sem fulltrúar landsins, til neðri deildar þingsins, og að mennirnir í efri þing-salnum beri að eins af hinum, sem í neðri salnum sitja, í því, að vera dálítið eldri og dálítið vitlausari. Það hefir auk-heldur heyrst, að þá sé sú mesta ógæfustund hvers árs, er stefnt sé til þings og menn komi saman. Oss er jafnvel enn sagt, að sú sé stjórnin bezt, er minst stjórn. Mér finst að tími sé til kominn, ekki eingöngu að stjórnardeildirnar ýmsu gefi út árlegar skýrslur um, fyrir hvað þær hafi varið mörg hundruð milljón döllum yfir árið, heldur viku eftir viku gefi fólk i heild

sinni yfir alt, sem stjórn þjóðarinnar og landsins er að gjöra til eftingar almennri vellíðan og menningu. Þá kynnast menn því hvað stjórn er, til hvers hún sé og til hvers hún ætti að vera. Og af verkum hennar má þá dæma hana. En það er sá réttlátasti mælikvarði sem til er.

### „Af ávoxtunum skuluð þér þekkja þá“

Eftir grein einni, er vér höfum séð í Chicago blaði einu, virðist landa vorum Hr. Vilhjálmi Stefánssyni ekki hafa litist meir en svo á kristniboðið eða ávexti þess, meðal Eskimóa þeirra, er urðu á slóðum hans í norðursförinni. Farast honum orð á þessa leið:

„Hjónaskilnaðir og heimilislífs ófriður er óþektur hjá Eskimóum, nema á þeim stöðum, er kristniboðar hafa innrætt þeim hinn nýja síð. Þar sem kristnin hefir „tamið“ þá, eru þeir ófúsir að taka þátt hver í annars kjörum og skifta með sér lífsnauðsynjum, þegar að þeim sverfur. Attur á móti ef fjölskylda í hinum afskekktu héruðum (heiðnu), hefði matvæli, þó ekki sé nema til eins dags, og hungur vofði yfir, þá myndi sú fjölskylda ekki hugsa sig lengur um að gefa hverjum sem að bæri af sínum litla forða, heldur en Ameríkani hugsaði sig um að rétta manni vatnsbolla við drykkjarlind. Þessi sameignar andi er aðeins horfinn þar sem boðskapur kristindómsins hefir verið fluttur.“

Hr. Vilhjálmur Stefánsson, eins og flestum er kunnugt, var með Michelsen og Leffingwell í norðurför þeirra, í fyrra, og er mannfræðingur frá „Harvard Anthropological Institute“. S.

### HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvart sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.